

VEFNIR

Tímarit félags um átjándu aldar fræði

KVISTUR

Leita

Leita í textum Félags um 18. aldar fræði Leita í öllu efni á Kvisti

Gaman og alvara í kvæðum Eggerts Ólafssonar

Höfundur: Sveinn Yngvi Egilsson
Birtist í: Vefni: 2. vefriti 1999

Þygt á erindi sem flutt var 3. febrúar 1996 á málþinginu Ljóðlist á átjándu öld]

Inn er sá þáttur sem mér finnst hafa orðið út undan í umræðunni um bókmenntir íslenskrar upplýsingar og þá kki síst þegar ljóðagerð Eggerts Ólafssonar ber á góma. Þar á ég við húnorinn. Upplýsing og siðferðileg alvara irðast vera eins konar samnefni í hugum margra. Ekki ætla ég að halda því fram að forsprökkum þessarar ierku menntastefnu hafi ekki verið fúlasta alvara með áherslu sinni á gildi skynsemi og almennrar fræðslu. En ðferð upplýsingarinnar var ekki bara alvarleg heldur beittu höfundar hennar háði og kímni óspart fyrir sig. Og ar er Eggert Ólafsson engin undantekning. Þó er gjarna rætt um helsta verk hans, Búnaðarbálk, sem rímaða úfræðiritgerð - með öllum þeim ósegjanlegu leiðindum sem felast í slíku heiti. Að vissu leyti er þetta réttnefni á únaðarbálki sem er öðrum þræði ljóðræn ritgerð um búfræði, og ekki ætla ég að neita því að þar má finna rindi sem eru svo leiðinleg að þau gætu drepit naut. En innan um og saman við er líka bráðskemmtilegur veðskapur sem á skilið að vera lesinn, og það sama á við um fleiri kvæði Eggerts. Ég ætla mér að sýna hér á ftir að Eggert geti verið hnyttit og skemmtilegt skáld, og að myndin í kvæðum hans sé reyndar oft ríkur þáttur í strænni aðferð þeirra. Hún sé önnur hliðin á þeirri siðferðilegu alvöru sem einkennir bókmenntir þessa mabils, enda lögðu rithöfundar íslenskrar og evrópskrar upplýsingar áherslu á það að blanda saman gamni og lvöru til þess að erindi skáldskaparins orkaði sterkar á lesandann. Þetta eru þættir í ljóðagerð Eggerts sem ðrir hafa bent á en mér finnst að hafi farið helst til lágt á síðari tímum.

ljóðrænt leikhús

riti sínu um Eggert Ólafsson viku Vilhjálmur Þ. Gíslason nokkuð að gamansemi í kvæðum skáldsins og bendir að hún hafi þar ákveðnu hlutverki að gegna. Ég vitna ítarlega í umfjöllun Vilhjálms vegna þess að ég ætla að yggja á henni hér á eftir og gera frekari grein fyrir þessum athyglisverða þætti í kvæðum Eggerts.

ilhjálmur kemst svo að orði um hin gamansömu kvæði skáldsins:

ggert setti þjóðmálaskoðanir sínar þó ekki einungis fram í þeim kvæðunum, sem hann kallar alvarleg. Ádeilu na einkanlega felur hann ekki síður í þeim kvæðunum, sem hann kallar kýmileg, og að nokkru í amankvæðunum og kvæðum í gamni og alvöru. Kvæði eins og Sótt og dauði íslenskunnar og Tvídægri eða ukkudokkabragurinn standa í beinu sambandi við alvarleg kvæði, eins og Búnaðarbálk, Ísland, Mánamál og ramverplu og svo siðakvæðin. Eggert hefur sjálfur vitað þetta vel, því hann segir um hin kýmilegu kvæðin, að au sjeu "í rjettri raun tóm alvara með heimsádeilum, en alvaran er fólgin ýmist undir ýkjum eður dæmisögum".

essi kýmnikvæði Eggerts eru mjög merkilegur þáttur í kveðskap hans og í bókmentum samtíðarinnar yfirleitt. au eru að vísu misjöfn og stundum mishepnud, og eins gamankvæðin. Kýmnin er stundum ekki kýmileg, og

amanið ekki gamansamt. Svo skeikar smekkvísinni alloft frá nútímans sjónarmiði. En Eggert hefur rjettilega g glöggar en aðrir sjeð það hvert vopn kýmnnin og gamanið gat verið í viðreisnar- og siðvæðnisbaráttu hans. líkt var að vísu ekki nýjung íslenskum kveðskap að öllu leyti. En kýmnninni og háðinu var markvissar beitt hjá ggertri en tíðkast hafði og form þess að ýmsu leyti nýtt. Koma þar sjálfsagt til greina nokkur áhrif frá þessháttar ókmentum, sem Holberg var helstur fulltrúi fyrir í norrænum samtímabókmentum (Vilhjálmur Þ. Gíslason 2006:222-223).

g er í öllum meginatriðum sammála því sem kemur fram í þessari stuttu greiningu Vilhjálms á hlutverki rdninnar í kvæðum Eggerts, en ég held að efnið þurfi nánari athugunar við. Það eru ekki síst tengslin við rlandan samtímaskáldskap sem forvitnilegt væri að skoða betur í ljósi kímnninnar í kvæðum skáldsins. Mig ungar einkum til að vekja athygli á ákveðinni bók sem sýnilega hefur haft áhrif á Eggert og satt að segja opnaði ugu mín fyrir því hvað fyndnin í textum 18. aldarinnar er fjölbreytt og yfirgengileg. Það er hið furðulega rit hristians Friderichs Wadskiær, *Poetisk skueplads åbnet på det så kongelige som kostelige Christiansborgs 'lotsplads*, sem kom út í Kaupmannahöfn árið 1741. Eggert vitnar í þessa athyglisverðu bók Wadskiær's í rmmála að kvæðum sínum en henni hefur ekki verið mikill gaumur gefinn hingað til svo mér sé kunnugt.

ilhjálmur rétt minnst á bók Wadskiær's í riti sínu um Eggert og fer um hana heldur niðrandi orðum. Ekki veit g hversu vel hann hefur kynnt sér bókina, en hann fer ekki rétt með titil hennar, kallar hana "Den poetiske kueplads" (1926:189) með ákveðnum greini en bókin heitir *Poetisk skueplads ...*, þ.e. án greinis. Eitthvað lýtur hann þó að hafa gluggað í bókina fyrst hann hefur svona ákveðnar skoðanir á höfundi hennar, nema hann afi vitneskju sína um Wadskiær annars staðar frá, e.t.v. úr dönskum bókmenntasögum. Vilhjálmur minnst á reimur stöðum á þennan danska höfund og í bæði skiptin á niðrandi hátt. Fyrri tilvitnunin hljóðar svona: "Var iargt til Wadskiær's að sækja af lærdómi, sem allur var í molum og ómeltum vísdómi, en minna af smekkvísi ða andagift" (1926:193). Síðar minnst hann á Wadskiær þegar hann ræðir um þær miklu neðanmálgreinar og kýringar sem Eggert hafði með kvæðum sínum. Um þetta segir Vilhjálmur: "Þetta var einnig erlendur amtíðarsíður. Í ritum Wadskiær's, sem Eggert vitnar í, er syndaflóð af þessum skýringum" (1926:198). Frekari mfjöllun um verk og áhrif Wadskiær's á Eggert er ekki að finna í riti Vilhjálms Þ. Gíslasonar um skáldið.

eir sleggjudómar sem lýsa sér í ofangreindum orðum um verk Wadskiær's eru ekkert einsdæmi og verður nánar allað um það hér á eftir. Það er því ekki við Vilhjálmeinan að sakast í þessu efni, enda fóru danskir ókmenntafræðingar yfirleitt óvirðulegum orðum um höfundarverk þessa landa síns langt fram á 20. öld. Þeir efðu eflaust tekið undir þau orð að *Poetisk skueplads* einkenndist af "lærdómi sem allur var í molum og meltum vísdómi, en minna af smekkvísi eða andagift" og sjálfsagt fallist á þann dóm að í ritum Wadskiær's væri syndaflóð" af skýringum og neðanmálgreinum. Út frá sjónarhóli og skáldskaparsmekk okkar aldar er líka iargt úrelt og ósmekklegt í ritum Wadskiær's. En þá erum við líka að dæma verk 18. aldar á forsendum 20. ldar, að leggja mælistiku okkar tíma á verk sem var öðruvísi vaxið. *Poetisk skueplads* nær ekki máli ef mælt er á íkan hátt, en það stendur alveg fyrir sínu ef það er metið á eigin forsendum, í umhverfi sinnar aldar. Það er .m.k. ljóst að Eggert Ólafsson tók verkið gilt þó að það særi smekk fræðimanna síðari tíma eins og Vilhjálms Þ. íslasonar. Það er greinilegt að Eggert hefur tekið mark á "*Próf. Vadskiær* []" eins og hann kallar Danann, enda skur hann upp eftir honum umfjöllun um franska fagurfræði (Eggert Ólafsson 1832:7). Vilhjálmur viðurkennir ka óbeint að Wadskiær hafi verið hugsanlegur áhrifavaldur á hinar miklu neðanmálgreinar og skýringar í væðum Eggerts. Ég held að áhrifin séu meiri en Vilhjálmur gefur til kynna í riti sínu og að Eggert hafi m.a. ekið mið af Wadskiær í merkilegri skilgreiningu sinni á þeirri sérstöku blöndu gamans og alvöru sem hann slur að einkenni kveðskap sinn.

ður en lengra er haldið er rétt að gera nokkra grein fyrir því riti Wadskiær's sem hér um ræðir, *Poetisk kueplads*, sem kalla mætti *Ljóðrænt leikhús* á íslensku. Höfundur þess var hálfgerður furðufugl og sannast agna ekki hátt skrifaður í dönskum bókmenntasögum lengi vel en hefur þó vaxið svo í álitu á síðustu áratugum ð óhætt er að segja að Danir hafi enduruppgötvað eða kannski einfaldlega uppgötvað Wadskiær - því að hann tti aldrei miklum vinsældum að fagna meðan hann var á dögum. Framan af var gjarna rætt um hann í þeim

íðrandi tón sem heyra mátti í áður nefndum ummælum Vilhjálms Þ. Gíslasonar. Wadskjær var einkum legið á álsi fyrir smekkleysi og lærdómur hans talinn sliga skáldskapinn. Það var helst að Wadskjær væri hælt fyrir að rkja lipurt og létt þegar hann var í essinu sínu, en innihaldið var hins vegar ekki talið upp á marga fiska.

Ímsögnin í fyrstu útgáfu *Dansk biografisk lexikon* er dæmigerð, en þar er komist svo að orði:

[Wadskjær]. besad baade Aandslivlighed, stor metrisk Lethed og en udbredt Belæsthed. Men hans Digtning var ge saa tom paa Indhold som udtværet og smagløs i sin Form, og hans Viden var polyhistorisk Sprænglærdom, nbragt paa urette Sted (Paludan 1904:150).

Wadskjær, sem fæddist árið 1713 og lést 1779, var fjölfróður maður með afbrigðum en hafði ekki þá dómgreind l að bera sem nauðsynleg er til þess að skipuleggja þekkingu sína og greina aðalatriði frá aukaatriðum. Um etta eru bæði eldri og yngri fræðimenn sammála þó að þeir séu ekki á einu máli um skáldskapargildi verka hans. Wadskjær var sem sé maður sem lagði meira upp úr einstökum fróðleiksmolum en heilsteyptri hugsun í erkum sínum. Hann var m.a. undir verndarvæng hins áhrifamikla manns Eriks Pontoppidan og vann að msum fræði- og útgáfustörfum á vegum hans. Árið 1747 varð Wadskjær prófessor í sögu í Sorø eða Sórey á jálandi (þar sem *Ferðabók* Eggerts og Bjarna Pálssonar var prentuð að Eggerti látnum árið 1772) og síðar varð ann prófessor í skáldskaparfræðum í Kaupmannahöfn. Frami hans var þó ekki eins glæstur og ætla mætti af essu titlatogi. Hann þótti slakur kennari og sat ekki lengi sem prófessor í Sórey, var fljótlega sagt upp störfum ar (1751) og þótti ekki heldur standa sig vel í embættinu í Kaupmannahöfn.

n það er ekki lærdómsmaðurinn heldur skáldið Wadskjær sem nýtur aukins álits á okkar tímum. Er þá gjarna ent á hnyttilegt og alvörubundið háð hans, frjálstan leik hans með tungumálið og lipurlega kveðandi. Einn elsti sérfræðingur í danskri ljóðagerð 17. og 18. aldar, Ejnar Thomsen, dregur eiginleika Wadskjærs saman á ennan hátt:

er er utvívlsomt momenter af stor og forsætlig komik i hans uigennemtrængelige alvorsmaske midt under æmningsløse overdrivelser af udtryk for hyldest, sorg og glæde, en selvfølgelig administration af alsbrækkende paronomasier (lydleg) og næsten genial anvendelse (fx i Sorørefleksionerne) af den lige så ulighedsrige som vanskelige figur antiklimaks (Thomsen [1984]:221).

að eru ekki síst tækifæriskvæði Wadskjærs sem nú eru metin að verðleikum, en í þeim þykir hann í senn færa þr lærðan stíl umliðinnar aldar í nyt og leysa upp þessa viðteknu og vinsælu bókmenntagrein - "en oprigtig nvendelse af 1600-tallets lærde stil med ironisk opløsning af genren" (Hougaard o.fl. 1983:374; um ekifærsljóð Wadskjærs sjá enn fremur Andersen 1934:197-204; Thomsen 1971:191-193; Billeskov Jansen og lbeck 1976:107-110). Þetta er einmitt mikið einkenni á *Poetisk skueplads* eða Ljóðrænu leikhúsi, þar sem er að nna frumlega blöndu á lærðum stíl og léttum og leikandi tækifæriskvæðum. Wadskjær var innan við þrítugt egar þetta verk hans kom út árið 1741. Ljóðrænt leikhús hefst á fróðlegum formála höfundarins, og það er í essum formála sem hann rekur þá frönsku fagurfræði sem Eggert vitnar til í áður nefndum formála sem rentaður var með *Kvæðum* hans 1832.

heild er Ljóðrænt leikhús hið furðulegasta ritverk eins og ráða má af heiti þess, blanda af lærdómi og óðrænum ólíkindalátum. Meginefni bókarinnar er gamansamur kveðskapur og útúrsnúningar sem Wadskjær efur ort um ýmsar hallir og konungleg setur í Danmörku. Hann skýrir svo kvæðin með ítarlegum eðanmálgreinum og fræðilegum tilvitnunum, m.a. í íslenskar fornþókmenntir. Ejnar Thomsen kemst svo að rði um þetta rit að hinir lærðu skýringartextar höfundarins við kvæðin kunni að fæla lesendur frá, en bætir svo ið: "arbejder man sig gennem pedanteriet viser navnlig Poëtisk Skue-Plads ... sig at indeholde en virkelig frisk erne af veloplagt rejsejournalistik" (Thomsen [1984]:220). Ekki er ósennilegt að þessar skemmtilegu rðamyndir Wadskjærs hafi höfðað til Eggerts, enda orti hann gjarna í léttum dúr um sínar eigin ferðir um sland eins og lesa má í prentuðum kvæðum hans. Eggert hefur kunnað að meta það uppátæki Danans að leggja t af Skíðarímu í Ljóðrænu leikhúsi sínu, en Wadskjær virðist hafa haft handrit íslenska kvæðisins undir öndum. Skíðaríma (sem og Tímaríma sem Eggert vitnar til í kvæðasafni sínu eins og síðar verður rakið) var

væði sem var upplýstum 18. aldar mönnum mjög að skapi, enda er þar að finna samfélagslega ádeilu og háðska 'singu á aðbúnaði kóngafólks í heiðnum goðaheimi sem séður er með augum fátæks alþjóðmanns.

uk þess að slá um sig með tilvísunum í íslenskar fornbókmenntir og norræna goðafræði vísar Wadskiær oft og inatt í klassískan kveðskap Grikkja og Rómverja, t.d. Hóras og Virgil. Hér er því margt sem minnir á aðferð ggersts, sem var mikið fyrir að skýra ljóð sín með löngum neðanmálgreinum þar sem hann sýndi þekkingu na á fornum fræðum, íslenskum jafnt sem erlendum, Snorra Sturlusyni jafnt sem Hóراسi og Virgli. Wadskiær uðkennir erlendar tilvitnanir með sérstöku lettri eins og oft var gert í prentuðum bókum síðari alda. Hins vegar r hann svo tilvitnanaglaður í ólíkar tungur að æði margar leturgerðir geta komið fyrir á einni og sömu laðsíðunni. Prentflötur bókarinnar verður því oft hinn skrautlegasti og er sjálfsagt með ráðum gert til að auka nægju lesenda og vekja kátínu, enda var það yfirlýst stefna Wadskiærs að blanda saman gamni og alvöru í essu riti sínu eins og fjallað verður um hér á eftir. En víkjum fyrst að kvæðum Eggerts.

kvæði Eggerts

kvæði Eggerts Ólafssonar með áðurnefndum formála skáldsins komu út 1832. Þau voru "útgefin eptir þeim eztu handritum er feingizt gátu" eins og segir á titilsíðu. Þar var þó ekki farið eftir óskum skáldsins um heiti væðasafnsins. Í tveimur eiginhandarritum Eggerts (Bibl. Bodl. 20722 = Mss. Bor. 81 og í JS 3 4to, handriti sem ar í eigu séra Björns Halldórssonar í Sauðlauksdal) er titill kvæðasafna hans svohljóðandi:

lockur Ny Alþjóðleg Islendsk kvæðe Ut af Heimspeke, Naatúruh lutum og Bæarlegum efnun; til siðbótar og óðleiks, sem landsfólkinu sýnist þarft vera. Framsett ýmist í siðalærdómum og heimsádeilum, ýmist í lvarlegu Gamne Eður og skoplegre Alvaaru (Vilhjálmur Þ. Gíslason 1926:175).

Þessum titli skáldsins er í fyrsta lagi að finna upplýsingar um *efni* kvæðanna, þ.e. kvæði út af heimspeki, áttúruh lutum og bæjarlegum efnun ("bæjarlegur" í merkingunni sveitalegur eða búskaparlegur); í öðru lagi pplýsingar um *tilgang* kvæðanna, þ.e. að þau séu ætluð til siðbótar og fróðleiks, og í þriðja og síðasta lagi lýsir tillinn *aðferð* kvæðanna, þ.e. að þau séu framsett ýmist í siðalærdómum og heimsádeilum, ýmist í alvarlegu amni eður og skoplegri alvöru. Það er þetta síðasta atriði í titlinum sem ég vil vekja athygli á, að aðferðin sem eitt er í kvæðunum lýsir sér einkum í vísvitandi blöndu af gamni og alvöru. Svipaða áherslu má lesa út úr þeim inkunnarorðum sem Eggert hefur framan við kvæðasafnið í eiginhandarritum sínum, en eftir því hefur ekki erið farið í prentuðu útgáfunni 1832.

ins og Vilhjálmur Þ. Gíslason hefur bent á koma einkunnarorð Eggerts fyrir kvæðunum úr þremur áttum: " ... eður hann þrenn einkunnarorð, um hjarðmennsku, eftir Virgil, um siðgæði, eftir Hóras, og svo vísuna úr ímarímu, að "margt er sér til gamans gert - geði þungu að kasta"" (Eggert Ólafsson 1953:xxiv; sbr. Vilhjálmur . Gíslason 1926:176-177). Tilvísunin í Tímarímu er eftirtektarverð. Þó að Eggert undirstriki með henni kemmtigildi kvæða sinna, að þau eigi að létta mönnum lundina, má ekki gleyma því að Tímaríma er amtímaádeila þar sem háði og jafnvel groddalegum hlátri er óspart beitt til að grafa undan spilltum aldamönnum á Íslandi. Þetta er í samræmi við skilgreiningu Eggerts sjálfs á kvæðum sínum í fyrirsögninni sem ann vildi að væri notuð en hlaut ekki náð fyrir augum útgefundanna 1832, þar sem hann talar um siðalærdóma g heimsádeilur sem ýmist séu settar fram í alvarlegu gamni eður og skoplegri alvöru. Það er þessi blanda af amni og alvöru sem einkennir mörg bestu kvæði Eggerts og er einmitt dæmigerð aðferð í bókmenntum pplýsingarinnar á Íslandi og úti í Evrópu.

ggert fylgir þessari skilgreiningu eftir í niðurskipan efnisins í kvæðasafninu og rökstyður hana í formálanum em prentaður er í upphafi útgáfunnar 1832, en hann kallast "Formáli skáldsins um þessi kvæði og þar hjá um egleik og vanda skáldskaparins". Kvæðin flokkar Eggert eftir gamansemi og alvarleika. "Alvarlig kvæði" eru öfð í einum flokki, "Kímilig kvæði" í öðrum, "Kvæði í gamni og alvöru" í þeim þriðja og "Gamankvæði" í þeim órða, og þar á eftir kemur "Viðbætir". Eggert réttlætir þessa flokkun með lærðum rökum í formálanum og emst svo að orði um skiptingu sína á kvæðunum:

amt er efni kveðlinganna margskonar; og því hefi eg, að dæmum hinna nýrri skálda utanlands, sett hvört kyn í tt stæði og raðað þeim eptir háleik og virðing efnisins á þennann hátt:

yrst standa kvæði í *tómri alvöru*, þau eru annaðhvort *almennilig*, um siðbætur og heimsádeilur; eður *sérlig* m eina þjóð, vissa menn, verk og tilfelli; í annarri röð standa *kímilig* kvæði, þau eru í réttri raun tóm alvara ied heimsádeilum; en alvaran er fólgin ýmist undir ýkjum eður dæmisögum. Þá koma hin þriðju kvæðin (*serio-cosa*), hvar efnið er saman *alvara* og *gaman*, eins og í þeirri fjórðu röð eru einungis *gamankvæði*; þó mengast undum þar með nokkur alvara. En fimmta röðin, í hvörri sjást margsháttar kveðingar, mætti að sönnu ppskiptast á meðal hinna fjöggra; samt þykir mér betur að láta hana opna standa, ef eg kynni að fá fleiri kvæði l viðbætirs, má þá eins síðar ef vill, setja hvört í sinn stað. Allar þessar raðir deilast í skipti, eftir þreyngð eður ýmd efnisins, og aftur sum af þeim stærri kvæðum í sínar smágreinir (Eggert Ólafsson 1832:3-4).

ggert kveðst hér hafa erlenda flokkun til hliðsjónar og það má líka marka af tilvísun hans í "serio-jocosa". Eins g komið hefur fram vísar hann á öðrum stað í formála sínum í títtnefnt rit, *Poetisk skueplads* eða Ljóðrænt iikhús. Það verður að teljast afar sennilegt að Eggert byggi flokkun sína á því riti. Wadskiær fjallar um ðgreiningarvanda í formála sínum að *Poetisk skueplads* og notar einmitt sömu latnesku orðin og Eggert. Vadskiær kemst svona að orði í formála sínum: "Herved må jeg bede læseren, at han vel vil distingvere inter erio & jocose aut ironice dicta, thi ellers ville adskilligt klinge absurd." Wadskiær lætur sem sé *lesandann* um ð greina sundur alvöruþrungið gaman ("serio & jocose") annars vegar og háðsk kvæði ("ironice dicta") hins egar, biður hann m.ö.o. um að lesa þau af skilningi. Eggert tekur hins vegar að sér að greina kvæðin sundur *þrír* lesandann út frá þessu sjónarmiði en það er allt annað en auðvelt. Svo notuð séu hugtök ormgrðarstefnunnar er +/- gaman eða +/- alvara varla "aðgreinandi þáttur" í þessu samhengi. Enda lendir ggert í ógöngum með flokkunina: aðalflokkarnir eru "mengaðir" eins og hann segir sjálfur ("í þeirri fjórðu röð ru einungis *gamankvæði*; þó mengast stundum þar með nokkur alvara"), hann verður auk þess að búa til ljósa milliflokka og að síðustu "opinn flokk" með kvæðum sem tilheyra hinum flokkunum.

n það væri ósanngjarnt að skoða skiptingu Eggerts einvörðungu út frá flokkunarfræði, enda var það líklega lki megintilgangur hans að greina kvæðin sundur. Á það er einnig að líta að einmitt þessi mælikvarði á kvæðin iðir í ljós markmið þeirra og aðferð: hina upplýstu notkun á mismunandi blöndu af gamni og alvöru til að pna augu lesenda fyrir fegurð og nytsemi heimsins og öðru því sem skáldinu þótti ómaksins vert að yrkja um. ins og kunnugt er var "Gaman og alvara" vinsæll titill á upplýsingartímanum, m.a. notaður af Magnúsi tephensen í útgáfunni *Margvíslegt gaman og alvara í safni smáríta og kvæða ýmislegra rithöfunda* I-II (1798 og 1818). Þannig séð verður skipting Eggerts á kvæðunum öllu skiljanlegri: hún er ekki aðeins flokkun eldur og ábending um aðferð.

formála sínum að *Poetisk skueplads* fjallar Wadskiær mikið um hlutverk háðsins í alvarlegum skáldskap. erður honum tíðrætt um gildi satírunnar eða hins ádeilukennda háðs. Spyrji menn hvers vegna hann sé atíristi í ritum sínum, segist hann spyrja á móti hvers vegna höfundar eins og Voltaire hafi gerst satíristar. Það r því ljóst að hann tengir háðslega aðferð sína m.a. þeim skáldum sem einna fremstir voru af höfundum vrópskrar upplýsingar, vill líkjast hinum beittu pennum sem nýttu háðið á markvissan hátt í verkum sínum. Vadskiær verður þó seint talinn hreinræktaður fulltrúi upplýsingarinnar, enda er margt í skáldskap hans sem innir fremur á bókmenntir 17. en 18. aldar eins og ráða má af áhuga hans á höllum og konungssetrum. Í tgerð sinni *Barokken i dansk digtning* telur Ejnar Thomsen Wadskiær til skálda síðbarokksins fremur en pplýsingarinnar og kemst svo að orði að í honum hafi barokkið eignast "sin sidste enlige kæmpe" (1971:193). linu verður þó ekki neitað að í blöndu sinni á gamni og alvöru í verkum eins og *Poetisk skueplads* líkist Vadskiær að nokkru leyti háðfuglum eins og Voltaire, og á það hefur einnig verið bent að hann hafi lært mikið f Holberg í síðferðilegri satíru sinni eða "Holbergsk påvirket moralsatire" eins og Ejnar Thomsen orðar það á ðrum stað ([1984]:221).

ins og kom fram í tilvitnuðum orðum Vilhjálms Þ. Gíslasonar má vafalítið rekja hina ádeilukenndu gamansemi kvæðum Eggerts Ólafssonar til þeirrar erlendu hefðar sem "Holberg var helstur fulltrúi fyrir í norrænum amtímabókmenntum" (sjá og grein Steinunnar Haraldsdóttur). Sjálfsagt hefur hinn frægi Holberg haft bein hrif á bókmenntasköpun Eggerts, en áhrif hans hafa ekki síður verið óbein og ratað sína leið gegnum milliliði ins og Wadskiær.

Þlokkar Eggerts

ins og áður er nefnt er skipting Eggerts á eigin kvæðum ekki aðeins flokkun heldur og ábending um listræna þferð hans, sem hér hefur m.a. verið rakin til Ljóðræns leikhúss eftir Wadskiær. Lítum nú nánar á helstu flokka væðanna í ljósi þessa:

1. Fyrst eru það kvæðin sem Eggert kallar alvarleg. Fremst er Ísland, sögulegt kvæði í alvarlegum dúr um Ísland g örlög þess. Þá kemur Búnaðarbálkur, en manni virðist þó að Eggert hefði eins getað flokkað hann sem blöndu f gamni og alvöru, enda er fyrsti hlutinn, Eymdaróður, hálfgerð satíra. Síðan taka við rímaðar siðferðiritgerðir, æm lýsa svo mikilli alvöru skáldsins að það verður næstum því hlægilegt. Eitt ljóðið heitir t.d. Þiknaspillir og er fnið skilgreint svo í undirfyrirsögn: "um það, að meiriháttar stúlkur láti og látið hafi svo opt fallerast hér á ndi; kennist helst um það hirðuleysi foreldra og illri siðvenju í hússtjórninni, hvar einginn munur er gjörðr á óðu og illu, háu og lágu, yfirráðum og undirgefni" (1832:50). Svipaðs efnis er annað kvæði sem heitir Helblinda g fjallar af siðferðilegri en um leið dálítið hlægilegri alvöru um forherðingu landans og hórdóm ýmiss konar æm aftur er rakinn til lélegs uppeldis og sinnulausra foreldra. Þá kemur enn eitt alvarlegt kvæði sem heitir eiðarsteinn góðra farmanna í hafvillum heims þessa. Ljóðmælandi Eggerts er þar sá almenni vegfarandi sem ekkur er úr kristilegri hefð, vegfarandi á lífsveginum sem hefur villst af réttri leið en finnur hana um síðir með uðs hjálp, þegar hann kemur "til sjálfs sín og alvörunnar" eins og það heitir í millifyrirsögn skáldsins (1832:58).

Íörg önnur kvæði eru í þessum flokki alvarlegra kvæða. Má þar nefna hátíðleg ljóð um kóngafólk, þjóðholl væði ýmiss konar og síðast en ekki síst hin forvitnilegu kvæði sem Eggert kallar Ferðarollu. Þetta eru usavísur sem hann kvað undir fornum háttum á ferðum sínum um Ísland og eru ekki alltaf alvarlegs eðlis. gbert slær þar líka á léttu strengi, eins og þegar hann yrkir um það er ferðafélagi hans, Bjarni Pálsson, missti att sinn í hver einn við Kröflu í Mývatnssveit. Það er auðfundið að Ferðarollan hefur t.d. haft áhrif á Jónas fallgrímsson, enda eru þetta nýstárleg kvæði á íslensku, skáldlegar smámyndir sem brugðið er upp af ferðalagi m hrjóstrugt land. Það má benda á að Christian Wadskiær gerði mikið af þessu í ritum sínum, þ.á m. í *Poetisk kveplads* eða Ljóðrænu leikhúsi sínu.

2. Eggerti tekst hvað best upp í öðrum flokki kvæða sem hann kallar kímileg. Þar eru kvæði eins og Tvíðægri, æm er eitt skemmtilegasta kvæði skáldsins og felur í sér hárbeytta hæðni sem minnir á Jonathan Swift, en í riti ðinu um Eggert bendir Vilhjálmur Þ. Gíslason á að aðferð kvæðisins líkist nokkuð þeirri sem Holberg notar í erkum á borð við *Nikulás Klím*. Í Tvíðægri berst skáldið í draumi til Sukkudokkaland, en Sukkudokkar eða ðrildaveiðimennirnir eru í raun Íslendingar í álögum. Goðin hafa reiðst illu háttarlagi þeirra og gert þá áðlausa, tekið frá þeim mannlegt eðli. Hér notar Eggert íronískan samanburð við íslenska fornöld, þegar ðlendingar voru ennþá mennskir. Tungumál þeirra hefur liðast sundur í erlendum straumum og núna talar jóðin "Norðrálfunnar flestu sprog" eins og Eggert kallar það (1832:135). Hann skopast að málfari Íslendinga 3. aldar enda ötull baráttumaður gegn erlendum áhrifum á íslenska tungu.

Þessum hluta bókarinnar, kímileg kvæði, er einnig að finna ljóðið Sótt og dauði íslenskunnar, en íslenskan er ar persónugerð sem gömul kona. Þetta eru í reynd tvö kvæði, og þar beitir Eggert grótesku háði. Þegar ðlenskan lætur lífið nærast alls konar illþýði á líkinu og gjörnýtir það. eru jafnvel étin úr því augun og innýflin. auðdagi hennar er allt annað en virðulegur, og Eggert skemmtir sér við það að setja saman "Grafarskrift eðr eldr Yfirskrift Íslenzkunnar", þar sem lík hennar stendur upprétt, smurt og forvarið. Yfirskrift hennar hljóðar vo (1832:130):

TATTU VID, ÞVÍ LEID ER LAUNG,
 ÚINN FERDAMADR!
 SLENZKAN HÈR ÖNDUD STEND,
 KKI GRAFIN, HULD NÈ BREND,
 LDIR MARGAR MÖNNUM KEND,
 IUDAR HÈT MINN STADR; [þ.e. bjó í munninum]
 YRIR BÚKHLAUP FALLID HEF, [þ.e. dó úr niðurgangi]
 .FÓTUM SEF;
 ARDU, MUNDU, GLADR!

hamanið er grátt í þessu kvæði og bendir Eggert á í niðurlagi þess að alvara búi að baki (1832:131):

ú er endað æfintýr
 fnis-stórt, en sögnin rír,
 lvaran hær eflaust býr
 ndir gerðar nafni;
 ír þó virðist sannleikinn,
 önn og góð er meiníngin,
 eit eg allir vitrir menn
 eita dygða safni:
 ingu rétta telja snild,
 ð tala skyld,
 icka ei allt í gamni.

Íðasta kvæðið sem nefnt verður í þessum flokki kímilegra kvæða eru Flöskukveðjur Eggerts, en þar í er hið æga erindi "Ó, mín flaskan fríða!" Undirfyrirsögn kvæðisins er þessi: "Mjúk og skemtilig satýra, sýnandi ingang, framgang og útgang drykkjuskaparins" (1832:144). "Ó, mín flaskan fríða" er líklega oftast lesið og ingið á síðari tímum sem meinlaus stemningsvísa. En henni hefur upphaflega verið ætlað að bíta fastar og era hárbætt - og umfram allt myndin - ádeila á ofdrykkju. Brennivinsberserkurinn sýnir flöskunni þá tryggð og lífningahita sem aðrir menn sýna eiginkonum sínum og ástmeyjum. En þegar flaskan er tóm orðin og ftirköst drykkjunnar farin að segja til sín snýst ástin upp í hatur og drykkjumaðurinn kallar flöskuna sviksama óru.

Þriðji flokkurinn eru kvæði í gamni og alvöru. Þessi kvæði eru ekki eðlisólík þeim sem Eggert kallaði kímileg ér á undan; t.d. er í þessum flokki að finna Hegrakvæði, þar sem ort er um óminnishegrann fræga sem fylgir rykkju. Auk þess er hér að finna alls konar tækifæriskvæði, svo sem brúðkaupsvísur og stökur sem skáldið efur ort af ýmsu tilefni.

Þ. Fjórði og síðasti aðalflokkur Eggerts eru svokölluð gamankvæði. Meðal þeirra er Hödduríma þar sem ort er m samspil sjávar og vinds. Hvort tveggja er persónugert í kvæðinu, aldan kölluð Hadda Ránardóttir og indurinn Kári og Hræsvelgur jötunn, sem sagður er valda vindum í Snorra-Eddu. Úr þessu verður gamansöm g nokkuð blautlega orðuð ríma, ort undir baksneiddri braghendu. Ríman er kynnt svona í undirfyrirsögn ggerts: "um ferð Höddu Ránardóttur til Kára og undrafullt samræði hennar við Hræsvelg jötun" (1832:201). Íáttúruöflin eru þarna persónugerð með gamansömum hætti.

Þessum flokki gamankvæða Eggerts er annað sem einnig snýst um persónugervingu sjávarins, þ.e. Ægisdrekkka in nýja, en Ægisdrekkka er annað nafn á eddukvæðinu Lokasennu. Undirfyrirsögnin er: "Um þá mikiligu atnsfjarðar veizlu 1766, hvar Ægir, Rán og þeirra 9 dætr sátu að heimboði" (1832:216). Þetta er í raun stutt ma, ort undir þeim hætti sem kallast stúfhenda. Kvæðið er hnyttið og skemmtilega ort. Eggert er sem fyrr að egsama íslenska náttúru og það sem hún hefur upp á að bjóða. Í fjörunni er að finna ýmislegt ætilegt, og Ægir ýður líka upp á drykk þó að ekki sé hann kannski bragðgóður: "Fullt er af réttum fjöruborð, það fáheyrt er; /

lfaungin sjálfir færið þær" (1832:217). En von bráðar grefur Eggert undan þessari þakklátu ræðu hins upplýsta áttúruunnanda. Sjórinn hefur í raun ekkert að gefa sem hefur gildi fyrir manninn sjálfan: "Hjá Ægis dætrum ndi' og hita einginn fær: / afgamlar hrotur eru þær. // Ægis-drekkann er eins í þessum eyði stað, / því sullið ans er sjó-blandað" (tilv. rit: s.st.). Hér kemur því önnur og íronískari rödd inn í rímuna og útkoman verður kveðið tvísæi í afstöðunni til sjávarins; hann er gjöffull en um leið sálarlaus með öllu.

Þokaorð

lér hefur því verið haldið fram að ákveðin blanda gamans og alvöru sé snar þáttur í listrænni aðferð Eggerts lafssonar og sýni tengsl skáldskapar hans við skrif erlendra samtímahöfunda eins og Christians Wadskiær, kki síst ef litið er á það hvernig Eggert *flokkar* kvæði sín. Ástæða væri til að athuga fleiri þætti í ljóðagerð hans í essu samhengi. Fróðlegt væri að skoða skáldamál Eggerts í ljósi kímninnar, t.d. kenningar á borð við *ása jukk* æm hann notar um skáldskapinn (þ.e. skáldskaparmjóðurinn sem Óðinn spjó í ker ása, sannkallað jukk). koðun á skáldamáli Eggerts verður þó að bíða betri tíma. En áður en skilist er við þetta efni er rétt að reyna að enda á helstu einkenni hómors í kvæðum hans.

egja má að í kvæðum Eggerts sé aðallega um þrenns konar hómor að ræða:

) Góðlátleg kímnir eða kankvís tónn. Í Búnaðarbálki, 2. erindi Náttúruylstar, yrkir Eggert um það þegar aldan illur á ströndina. Þar má greina þennan kankvísa tón: "mögláði sjór við merskis brýn / melankólisku kvæðin in" (1832:34).

) Satírsk hnyttir, þ.e. háð sem ætlað er að hitta eitthvað sem miður hefur farið í heiminum, sbr. ýmsar eimsádeilur Eggerts sem rætt var um hér á undan.

) Gróteskur hómor, eins og greina mátti í kvæði hans um Sótt og dauða íslenskunnar, þar sem hinir og þessir ámuðu líkið í sig.

járfsagt mætti finna fleiri einkenni hómors í kvæðum Eggerts, og þar á meðal misheppnaða fyndni samkvæmt útímasmekk, en nóg er af slíkum dæmum í ljóðum skáldsins. Stundum glottir lesandinn líka þegar skáldið efur ekki ætlast til þess, hvort heldur það stafar af því að alvara Eggerts verður óvart hlægileg eða að skáldið erir sig sekt um einhverja smekkleysu samkvæmt fagurfræðilegum viðmiðunum nútímans. Það er hins vegar verkilega oft sem Eggerti tekst að vera fyndinn, jafnvel í augum nútímamanna (a.m.k. þess nútímamanns sem ér skrifar), og um leið er þessi fyndni markviss og þrungin alvöru. Þessi blanda gamans og alvöru ber vott um hrif frá evrópski upplýsingu, en þó kemur það fyrir í kvæðum Eggerts að bak við hina upplýstu rödd heyrir nnur sem dregur gildi hinna upplýstu viðhorfa í efa, rödd sem felur í sér ákveðið tvísæi. Bestu kvæði Eggerts ygga á þeirri margslungnu blöndu af gamni og alvöru sem einkennir góðan skáldskap öðru fremur.

Leimildir

ndersen, Vilhelm. 1934. Illustreret dansk Litteraturhistorie. 2. b. Den danske Litteratur i det attende arhundrede. Kaupmannahöfn.

illeskov Jansen, F.J. og Albeck, G. 1976. Dansk litteraturhistorie. 2. b. Fra Ludvig Holberg til Carsten Hauch. kaupmannahöfn.

ggert Ólafsson. 1832. Kvæði. Tómas Sæmundsson, Eggert Jónsson og Skúli Thorarensen bjuggu til prentunar. kaupmannahöfn.

ggert Ólafsson. 1953. Ljóðmæli. Vilhjálmur Þ. Gíslason bjó til prentunar og ritaði inngang. Reykjavík.

lougaard, J. o.fl. 1983. Dansk litteraturhistorie. 3. b. Stænderkultur og enevælde 1620-1746. Kaupmannahöfn.

aludan, J. 1904. "Wadskiær, Christian Frederik." Prentað í: Bricka, C.F. (útg.). 1904. Dansk biografisk lexikon. 3. bindi. Kaupmannahöfn: 149-154.

homsen, Ejnar. [1984] "Wadskiær, Christian Frederik". Prentað í: Bech, S.C. (ritstj.). [1984] Dansk biografisk
leksikon. 3. útg. 15. bindi. Kaupmannahöfn: 219-221.

homsen, Ejnar. 1971. Barokken i dansk digtning. [Ritgerðin var skrifuð árið 1935.] Kaupmannahöfn.

ilhjálmur Þ. Gíslason. 1926. Eggert Ólafsson. Reykjavík.

Wadskiær, Christian Friderich. 1741. Poetisk skueplads åbnet på det så kongelige som kostelige Christiansborgs
.otsplads ... Kaupmannahöfn.